

Fundargerð stjórnar TSÍ 2, júlí 2024 kl. 12 - Fundarherbergi B hjá ÍSÍ

Fundinn sátu: Magnús formaður, Gunnar meðstjórnandi, Raj meðstjórnandi og Kristín Dana gjaldkeri. Soumia forfallaðist á síðustu stundu.

DAGSKRÁ

1. Fjárhagsstaða. Kristín upplýsti að sjóðsstaða hefði batnað verulega. Stjórn aðstoðar Kristínu eftir þörfum til að innheimta endurgreiðslur vegna DC og BJK

2. Mikil umræða um nýliðin mót. Íslandsmeistaramót utanhúss var glæsilegt og gaman að það var sýnt í beinni útsendingu á Stöð 2 sport. Áhorfendur hefðu þó mátt vera fleiri. BJK gekk vel hvað varðar framkvæmd en framkvæmd DC var ekki góð. Ákveðið að kalla báða landsliðsþjálfara inn á fund stjórnar í haust.

Íslandsmeistaramót utanhúss

3. Næsta verkefni er U4 smáþjóðaleikar. Þann 8. ágúst í Lúxemburg. Þátttakendur verða Garima og Riya, Patrekur Brynjarsson og Jóhann Smári Bergsson. Raj verður liðsstjóri.

4. Sponsormál. Magnús upplýsti að honum hefur ekki orðið ágengt í að fá fyrirtæki til að styðja starf TSÍ en hedur baráttunni áfram. Ef engir stuðningsaðilar finnast er fyrirsjáanlegt að tapið á rekstri sambandsins verður umfram þau 900 þús sem þegar er áætlað. Það þarf því að velta öllum krónum tvisvar.

5. Peningaverðlaun. Í ljósi liðar 4 voru allir sammála um að engin peningaverðlaun verði greidd til tennisfólks ársins.

6. Kort af tennisvöllum. Magnús og Gunnar ætla að nota einhvern sólríkan dag í sumar til að taka myndir af öllum völlum höfuðborgarsvæðisins til þess að útbúa kort á Google maps. Stjórn fór yfir þann lista sem liggur fyrir.

Önnur mál voru engin og fundi slitið kl. 13:00.